

**Sþ. 574. Tillaga til þingsályktunar [218. mál]**

um lagningu vandaðrar hringbrautar um landið.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson, Sigurvin Einarsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson, Ásgeir Bjarnason, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að tekin verði ríkislán, innlend og erlend, til að ljúka á tilteknum tíma og svo fljótt sem hentugt þykir lagningu vandaðrar hringbrautar um landið, er liggja svo sem unnt er um byggðir og sé við það miðuð að vera fær allt árið.

**Greinargerð.**

Tillaga þessi er byggð á ályktun kjördæmisþings framsóknarmanna í Norðurlandskjördæmi eystra, er haldið var á Húsavík 5.—6. sept. 1969, og ályktun aðalfundar miðstjórnar Framsóknarflokksins 5. apríl 1970.

Samkvæmt skýrslum vegamálaáskrifstofunnar var flokkun þjóðveganna sem hér segir í árslok 1968:

Hraðbrautir .....	334.4 km
Þjóðbrautir .....	2756.3 —
Landsbrautir .....	5621.0 —
Þjóðvegir í þéttbýli .....	96.7 —

Samtals 8808.4 km

„Þjóðvegir í þéttbýli“ skiptast milli aðalflokkanna þriggja. En ólagðar eða ruddar þjóðbrautir og landsbrautir og ófullgerðar hraðbrautir voru taldar í árslok 1968:

Hraðbrautir .....	295.8 km
Þjóðbrautir .....	468.8 —
Landsbrautir .....	1654.0 —

Óbrúaðar ár á þjóðvegum voru taldar 95. Á árinu 1969 hefur að sjálfsögðu nokkuð verið gert. Hins vegar er víst, að mikið af hinum „lögðu“ vegum þarf að endurnýja, ef miðað skal við 12. gr. vegalaga.

Í vegamálaum er Ísland enn vanþróað land og núverandi vegakerfi engan veginn við hæfi þeirra samgöngutækja, sem keypt hafa verið til landsins fyrir of fjár, eða byggðarlaganna, sem við það eiga að búa um land allt. Með stefnuyfirlýsingu þeirri um fjáröflun, sem tillagan fjallar um, yrði að því stefnt að horfast í augu við verkefni, sem ekki er unnt að komast hjá. Hér er um framtíðarmál að ræða, sem tíma- bundnir erfiðleikar í stjórnarfari og efnahagslífi mega ekki hafa áhrif á.

Hringbraut sú um landið, sem tillagan fjallar um, mundi að nokkru leyti teljast til hraðbrauta, en þó að mestu til þjóðbrauta. M. ö. o. er hér í meginatriðum um að ræða núverandi hraðbrautir og þjóðbrautir samkv. gildandi vegalögum, en hringbrautin öll yrði að sjálfsögðu hraðbraut eða þjóðbraut.

Stofnað hefur verið til lántöku erlendis vegna hraðbrauta, sem gert er ráð fyrir að leggja nú á næstunni í nágrenni höfuðborgarinnar. En jafnframt ber nauðsyn til að gera það sem unnt er til að hraða með lántökum lagningu þjóðbrautanna, sem ásamt hraðbrautunum eru lífæð byggðarlaganna um land allt, tengja þau saman og mynda hringbrautina um landið. Út frá hringbrautinni liggja svo landsbrautirnar, sem „afleggjarar“ eða hliðarvegir.

Um landsbrautakerfið er ekki fjallað í þessari tillögu, en að sjálfsögðu nýtu landsbrautirnar góðs af því hjá vegasjóði, ef ríkislán yrðu almennt tekin til hringbrautarinnar, og þyrfti hann þá ekki að standa straum af þeim lánum.

Ef tillaga þessi verður samþykkt, má ætla, að næsta skref í þessu máli verði að gera áætlun um framkvæmdir, framkvæmdakostnað, framkvæmdatíma og leiðir til lánsfjáröflunar.